

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1991

27. desember 1991

431

*Nr. 77

LÖG

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald,
sbr. lög nr. 108/1990.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1991“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 30. september 1992.

2. gr.

laga nr. 108/1990 falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Frá og með 1. október 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með síðari breytingum, úr gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

23. desember 1991

LÖG

Nr. 78

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990,
um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna skal ekki inna af hendi greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings á tímabilinu 1. janúar 1992 til 31. ágúst 1992.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

A 30

Prentsmiðjan Gutenberg hf.